

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 91. gr. laganna, sbr. lög nr. 116 20. desember 1993, koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá:

- a. váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja,
- b. erlendu váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahags-svæðisins (EES) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið tilkynnt á lögformlegan hátt að taki að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi.

Öll váttryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skulu taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 94. gr. a og upplýsingamiðstöðvar skv. 94. gr. b. Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um slíka þátttöku í reglugerð.

Öll váttryggingafélög sem hyggjast taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skulu auk þessa tilkynna það Umferðarstofu.

2. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. 92. gr. laganna, sbr. lög nr. 32 8. apríl 1998, kemur: 5. mgr.

3. gr.

Við 93. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Nú er ökutæki ekki váttrygt skv. 2. og 3. mgr. og ber þá ríkissjóður ábyrgð með sama hætti og váttryggingafélag sem tekið hefur að sér váttryggingu skv. 91. og 92. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru váttryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr., valda erlendis.

4. gr.

1. mgr. 94. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd váttryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu váttryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óváttryggðra og óþekktra ökutækja.

5. gr.

Á eftir 94. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 94. gr. a og 94. gr. b, er orðast svo:

a. (94. gr. a.)

Tjónsuppgjörsmiðstöð.

Dómsmálaráðherra skal viðurkenna tjónsuppgjörsmiðstöð sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum vélknúns ökutækis, ef

- a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
- b. ökutækið er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki, eða ef ökutækið er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á váttryggingafélagi því sem váttryggði ökutækið, og
- c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Tjónsuppgjörsmiðstöð á enn fremur að geta greitt bætur vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggð eru hér á landi, ef

- a. tjónþoli er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki,
- b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og
- c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar. Hann getur enn fremur sett nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá váttryggingafélögum og tjónsuppgjörfulltrúum váttryggingafélaga skv. 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994.

b. (94. gr. b.)

Upplýsingamiðstöð.

Dómsmálaráðherra skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun upplýsinga um vélknúið ökutæki sem valdið hefur tjóni og váttryggingu þess ef tjónþoli er búsettur hérlandis, ökutækið er váttryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að

- a. tjónþoli sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki,
- b. ökutækið sé váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í EES- eða EFTA-ríki,
- c. tjónið hafi orðið í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar og um skyldu váttryggingafélaga og tjónsuppgjörfulltrúa skv. 3. mgr. 94. gr. a til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum í té upplýsingar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Sólveig Pétursdóttir.